

MYRKUR '89



MÚSÍKDAGAR

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

LAUGARDAGINN 11. FEBRÚAR KL. 17.00

Söngtónleikar

Þorsteinn Hauksson
Signý Sæmundsdóttir, sópran
Inga Rós Ingólfssdóttir, selló

Psychomachia*

Vladimir Agopov
Kristinn Sigmundsson, barítón
Guðríður S. Sigurðard., píanó

Offrets timme*

HLÉ

Anna Jastrzebska
Signý Sæmundsdóttir, sópran
Inga Rós Ingólfssdóttir, selló

De Profundis*

Karólína Eiríksdóttir
Kristinn Sigmundsson, barítón
Guðríður S. Sigurðardóttir, píanó

Ljóðnámuland*

*Frumflutningur á Íslandi

Verkin fjögur sem heyrast á þessum tónleikum voru öll samin að tilhlutan norrænu tónlistarháskólanna og NOMUS. Frá hverju Norðurlandanna voru pöntuð tvö tónverk fyrir söngródd og eitt hljóðfæri. Tíu söngvarar og jafnmargir hljóðfæraleikarar komu saman í Gautaborg haustið 1987 ásamt höfundum verkanna þar sem verkin voru æfð og flutt. Þau eru öll gefin út af Edition Reimers í Stokkhólmi. Flytjendur á þessum tónleikum eru þeir sömu og þar, en verkin eru nú frumflutt á Íslandi.

Þorsteinn Hauksson (1949) samdi **Psychomachia** eða „Bardagann um mannsálina“ við ljóð Prudentiusar (348–410 e.Kr.) árið 1987. Ljóðið, sem er sungið á latínu, lýsir hildarleik góðs og ills þar sem persónugervingar dyggða og lasta heyja grimmar og blóðugar orrustur, en inn á milli nær ljóðræn tjáning Prudentiusar hámarki í andlegri upphafningu. Þrátt fyrir að ljóðið sé um það bil sextán hundruð ára gamalt er það – að mati tónskáldsins – einkar hentugt tónlist okkar tíma, jafnvel sem óperuefni en í þeirri útgáfu sem hér heyrir er aðeins stuðst við lítinn hluta þess. **Psychomachia** er tileinkað móður tónskáldsins.

Vladimir Agopov (1953) fæddist í Armeníu. Hann stundaði nám hjá Aram Khachaturian og Edison Denisov í Moskvu. Árið 1978 fluttist hann til Finnlands og hóf nám við Sibeliusar akademíuna í Helsinki hjá Paavo Heininen. Síðan árið 1982 hefur hann verið kennari við Sibeliusar akademíuna í tónfræðum.

Tónlist Agopovs er nútímaleg bæði hvað varðar tónsmíðaaðferðir og efnivið. Samt sem áður tekst honum að halda tengslum við tónlistarhefðina, hann kannar til hlítar tónlistarlegar undirstöður verka sinna og heldur jafnvægi í tjáningu og byggingu.

Offrets timme var samið vorið 1987 til minningar um Andrej Tarkovskí sem var þá nýlátinn. Þrjú fyrstu lögin eru samin við ljóð Edith Södergran. Fyrsta ljóðið, **Offrets timme**, fjallar um fórn, sbr. síðustu kvikmynd Tarkovskís. Í Du sökte er leitinn viðfangsefnið, en hún var áberandi í lífi og starfi Tarkovskís. Í Grimage d'Artiste veltir skáldið mynd listamannsins fyrir sér en sú umfjöllun er einnig táknræn fyrir Tarkovskí. Fjórða lagið, Zhizn, zhizn (Líf, líf) er samið við texta eftir Arsenij Tarkovskí sem var faðir kvikmyndaleikstjórans. Í enda ljóðsins er skyndilega breytt um tungumál sem minnir á síðustu myndskildingu „Andrej Rublev“ þar sem svarthvít kvikmyndin endar í lit, og í síðustu hendingu ljóðsins, sem er táknræn fyrir Andrej Tarkovskí, segir: „á jörðu er enginn dauði“.

Anna Jastrzebska (1950) er fædd í Póllandi þar sem hún lagði stund á tónsmíðar hjá Ryszard Bukowski og stjórnun og tónfræði við Tónlistarháskólann í Wrocław. Árið 1975 settist hún að í Noregi þar sem hún gerðist nemandi við Tónlistarháskólann í Osló. Kennarar hennar þar voru Finn Mortensen, Lasse Thoresen og Olav Anton Thommessen. Verk hennar hafa verið flutt víðs vegar um Evrópu og hefur hún hlotið mörg verðlaun fyrir þau bæði í Póllandi og Noregi. Tengsl hennar við Pólland eru að mestu bundin starfi hennar til stuðnings Solidarnosc. **De Profundis** er samið 1987 við ljóð norsku skáldkonunnar Åse Marie Næsse.

Karólína Eiríksdóttir (1951) samdi verk sitt árið 1987 við samnefndan ljóðaflokk Sigurðar Pálssonar.